

Þessu hæfilega ákveðnar kr. 112.000.00 (kr. 90.000.00 + kr. 4.000.00 + kr. 18.000.00). Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur þær, sem atvinnurekandi hans hefur þegar innt af hendi upp í tjón hans, en þær nema, svo sem fyrr greinir, kr. 3.800.91. Mismuninn, kr. 108.199.09, verða stefndu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda, auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af framlögðum reikningi yfir útlagðan kostnað hans í málinu, ákveðst kr. 10.000.00. Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

#### Dómsorð:

Stefndu, Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingarfélagið Þór h/f, greiði in solidum stefnanda, Benedikt Sveinssyni, kr. 108.199.09 auk 6% ársvaxta frá 28. september 1953 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. marz 1958.

Nr. 164/1957. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**

og

**Byggingarfélagið Þór h/f**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Guðmundi Jónssyni**

og **gagnsök** (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1957, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október s. á. Þeir krefjast þess, að dæmdar skaðabætur og málskostnaður í héraði verði fært niður og að aðiljum verði

dæmt hverjum að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. október 1957, gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 166.620.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti játað því að greiða gagnáfrýjanda in solidum skaðabætur, og er því nú einungis deilt um fjárhæðir.

Rétt þykir að ákveða skaðabætur handa gagnáfrýjanda þannig:

1. Bætur fyrir orkumissi, að frádregnum kr. 26.557.15 frá Tryggingastofnun ríkis- ins .....	kr.	95.000.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti .....	—	18.000.00
	<hr/>	
	Samtals	kr. 113.000.00
Frá þessari fjárhæð dragast áður greiddar	—	3.800.91
	<hr/>	
		Kr. 109.199.09

Ber að dæma aðaláfrýjendur til þess in solidum að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 16.000.00.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingarfélagið Þór h/f, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 109.199.09 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Guðmundur Jónsson skipasmiður, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. nóvember 1956, gegn Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f og Byggingarfélaginu Þór h/f, báðum í Hafnarfirði, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 168.820.59 auk 6% ársvaxta frá 28. september 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa báðir *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* að krafa stefnanda verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, G 582, var váttryggð hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 28. september 1953 stóð yfir viðgerð á vestari hafskipabryggjunni í Hafnarfirði. Hafði stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f framkvæmd viðgerðarinnar á hendi, en hún var *aðallega* í því fólgin, að endurnýjuð voru uppistöðutrú bryggjunnar. Þar sem tré þessi voru bæði þung og löng, en þurftu að rekast lóðrétt niður, var fallhamarsstaur, 9 metra háum, komið fyrir á bryggjubrúninni. Skammt frá stóð vörubifreiðin G 582, sem þannig var útbúin, að togvindu var komið fyrir framan á henni. Lá vír frá togvindu þessari í gegnum blökk á undirstöðu fallhamarsstaursins og þaðan í aðra blökk í toppi hans. Enda vírsins var fest í tréð, sem reka skyldi niður, og síðan var það dregið upp í fallhamarsstaurinn, en á honum var fallhamar, sem tréð var rekið niður með. Sá endi hvers bryggjustaurs, sem niður vissi, var léttari en efri endinn. Til þess að halda léttari endanum niðri, er staurinn var dreginn upp, var böndum brugðið um þann enda, en þrír menn héldu í böndin. Var stefnandi einn þeirra. Togvindunni var stjórnað með lítilli stöng af manni, sem sat inni í stýrishúsi bifreiðarinnar, en togvindan var í beinu sambandi við hreyfil hennar. Um kl. 15.11 umræddan dag, þegar verið var að draga eitt tréð upp í fallhamarsstaurinn, varð það slys, að togvindan „gaf eftir“ og tréð féll niður á bryggjuna. Lenti það á stefnanda og Benedikt nokkrum Sveinssyni, sem ásamt honum og þriðja manni hélt í bönd þau, sem brugðið var um léttari enda staursins. Féll stefnandi við þetta út af bryggjunni í sjóinn, en Benedikt féll á bryggjuna. Hlutu báðir mikil

meiðsli, en þriðji maðurinn, Þorvarður Magnússon, slapp ómeiddur.

Vitnið Haukur Jónsson, sem sat í stýrishúsi G 582 og stjórn-  
aði togvindunni framan á bifreiðinni, skýrir svo frá, að umrædd-  
ur staur hafi verið kominn í um 3 metra hæð frá bryggjunni,  
er eitthvað hafi skyndilega „gefið eftir“ í togvindunni með þeim  
afleiðingum, að staurinn féll viðstöðulaust niður á bryggjuna  
aftur. Hafi staurinn oltið fram af bryggjunni og stanzað á land-  
festum báta, er bundnir voru við bryggjuna. Vitnið kveðst  
hafa dregið staurinn hægt upp og öruggt sé, að stöngin, sem  
togvindunni er stjórnað með, hafi ekkert hreyfzt, en þótt svo  
hefði verið, hefði staurinn allt að einu ekki átt að geta hrapað  
niður viðstöðulaust. Vitnið kveðst hafa dregið staurinn upp á  
bryggjuna aftur eftir slysið, og hafi þá ekki annað verið að sjá,  
en togvindan væri í lagi. Hafi það oft áður dregið þyngri hluti  
með togvindunni en staur þenna, en eigi borið á bilun í henni  
fyrir.

Vitnið Þorvarður Magnússon, sem fyrr var nefnt, skýrir svo  
frá, að böndum hafi verið brugðið á tveim stöðum utan um  
þann enda umrædds staur, sem niður átti að snúa. Kveðst  
vitnið hafa haldið í það bandið, sem nær var miðju staurisins,  
en því hafi verið brugðið um það bil miðja vegu frá enda að  
bandi því, sem staurinum var lyft með. Kveðst vitnið hafa átt  
að toga staurinn til hliðar, er hann væri kominn í fulla hæð.  
Annað band hafi verið um staurinn næstum út við enda hans,  
sem vitnið kveðst halda, að Benedikt Sveinsson hafi haldið í,  
en Benedikt og stefnandi hafi átt að halda enda staurisins niðri  
við bryggjudekkið. Vitnið kveður þá féлага alla hafa staðið  
fast við staurinn, og hafi það og Benedikt verið landmegin við  
hann. Vitnið kveðst telja, að staurinn hafi verið kominn í um  
2 metra hæð um miðjuna, er hann féll niður. Kveðst það hafa  
séð, hvernig hann lenti á Benedikt. Hafi hann fyrst komið í  
höfuð honum, svo að Benedikt kiknaði við, en síðan lent á baki  
hans. Þá hafi bryggjupolli tekið höggið af og varnað því, að  
Benedikt kremdist undir staurinum. Á hinn bóginn kveðst vitni-  
ð ekki hafa séð gerla, hvernig staurinn lenti á stefnanda. Það  
telji þó, að hann hafi einhvern veginn lent á höfði hans og hand-  
legg. Er vitni þetta var innt eftir því við réttarrannsókn út af  
slysinu, hvers vegna bandið, sem staurinum var lyft með, var  
ekki bundið um staurinn nær þeim endanum, sem upp átti að  
snúa, til þess að ekki þyrfti að halda hinum endanum niðri,

svaraði vitnið því til, að með því móti hafi ekki verið hægt að koma staurnum nægjanlega hátt, til þess að unnt væri að reka hann gegnum gat það á bryggjudekkinu, sem hann átti að fara niður um.

Vitnið Benedikt Sveinsson, sem fyrr var nefnt, skýrir svo frá, að það hafi staðið landmegin við staurinn og haldið um spotta, sem festur var um hann um það bil miðja vega frá miðju staurins að enda hans. Hafi það snúið baki að enda staurins, en stefnandi og Þorvarður hafi staðið fyrir aftan það. Kveðst vitnið hafa verið að bregða spottanum, sem það hélt í, um polla á bryggjunni til þess að hafa betur vald á staurnum, en í sömu andrá hafi staurinn fallið niður.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi haldið í spotta, sem bundinn var í neðri enda staurins. Hafi sá endi staurins verið kominn um það bil einn metra á loft, er staurinn skyndilega féll niður. Kveður hann staurinn hafa lent á höfði sér, brjósti og handlegg og kastað sér fram af bryggjunni í sjóinn. Stefnandi kveðst ekki hafa misst meðvitund við þetta. Hafi hann náð í kaðal, sem hékk niður af bryggjunni, og haldið sér í hann, unz hjálp barst.

Lögreglan í Hafnarfirði fól tveim sérfróðum mönnum, Jóhanni Ólafi Jónssyni og Magnúsi Kristjánssyni vélsmiðum, að framkvæma skoðun á umræddri togvindu. Skoðunargerð þeirra, dagsett 29. september 1953, er svohljóðandi:

„Við undirritaðir höfum í dag skoðað spil framan á bifreiðinni G 582 og athugað orsök þess, að spilið slakaði sér í hífingu.

Orsökina teljum vér eftir nákvæma athugun þá, að slit er í koplingu tromlunnar. Koplingararmurinn var örugglega settur fastur, svo að spilkoplingin gat ekki opnast sjálfkrafa, en vegna slitsins hefur hún spennzt frá“.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi á því, að orsök slyss þessa verði annað hvort rakin til bilunar í stjórnþæki bifreiðarinnar G 582 eða vangæzlu eða mistaka manns þess, er togvindunni stjórnaði. Forráðamenn stefnda Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar h/f hafi haft framkvæmd umrædds verks á hendi og ráðið vinnutilhögun allri. Beri því þessi stefndi og meðstefndi Byggingarfélagið Þór h/f, er bifreiðina átti, in solidum fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut.

Stefndi Skipasmíðastöðin Drafn h/f reisir sýknukröfu sína á því, að telja megi leitt í ljós, að orsök slyssins megi að einhverju leyti rekja til bilunar í umræddri bifreið. Eigendum bifreiðarinnar, meðstefnda Byggingarfélagið Þór h/f, hafi átt að vera ljóst,

að bifreiðin var biluð, er hún var seld á leigu, og hafi honum borið að vekja athygli á því. Þetta hafi hann vanrækt og hafi forráðamönnum Drafnar h/f verið ókunnugt um bilun þessa. Af þessum sökum beri stefndi Byggingarfélagið Þór h/f alfarið fébótaábyrgð á slysinu. Varakröfu sína reisir þessi stefndi á því, að til greina geti komið að skipta fébótaábyrgð á slysinu milli hinna stefndu fyrirtækja. Þá telji hann, að slysið kunni að einhverju leyti að mega rekja til ógætni stefnanda sjálfs. Í þriðja lagi sé krafa hans í málinu allt of há.

Stefndi Byggingarfélagið Þór h/f reisir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að meðstefndi hafi haft alger umráð bifreiðarinnar, er slysið varð, og ráðið ökumann á hana. Samkvæmt því og með vísun til 35. gr. bifreiðalaganna beri hann því einn ábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er stefnandi kunni að hafa beðið. Í öðru lagi sé ósannað, að slysið hafi orðið vegna galla á bifreiðinni, að minnsta kosti hafi hún verið ógölluð, er meðstefndi fékk hana í hendur. Í þriðja lagi er á það bent, að reglur bifreiðalaganna komi hér ekki til álita, þar sem hér sé ekki um notkun bifreiðar að ræða í skilningi 1. mgr. 34. gr. þeirra laga. Að lokum er því haldið fram af þessum stefnda, að stefnandi hafi sjálfur sýnt af sér nokkurt gáleysi með því að horfa ekki til staursins, er hann var dreginn upp í umrætt sinn.

Báðir stefndu hafa sérstaklega mótmælt því, að þeir beri in solidum fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann kunni að hafa beðið við slysið.

Með skírskotun til fyrrgreindrar álitserðar hinna sérfróðu manna, sem ekki er véfengd, þykir nægjanlega fram komið, að rekja megi orsök slyssins til slits í öryggistæki (koplingu) togvindunnar framan á bifreiðinni.

Svo sem fyrr greinir, hafði stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f framkvæmd verksins á hendi og forráðamenn fyrirtækisins sáu um alla tilhögun þess, en stefnandi var starfsmaður þess fyrirtækis. Er því ótvírætt, að þessi stefndi ber sem atvinnurekandi óskipta ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, enda hafi engin rök verið leidd að þeirri málsástæðu, sem báðir stefndu hafa hreyft, að stefnandi hafi að einhverju leyti sjálfur átt sök á því, hvernig fór. Þess var áður getið, að stefndi Byggingarfélagið Þór h/f átti togvinduna og bifreið þá, sem henni var komið fyrir á. Hafði fyrirtækið selt meðstefnda tæki þessi á leigu gegn endurgjaldi. Stóð sá leigumáli frá því verkið hófst hinn 9. september 1953, þar til því lauk í október s. á. Þegar það er haft í huga, hve hér

var um stuttan tíma að ræða og með skírskotun til þess, sem áður sagði um orsök slyssins, og þegar þess enn er gætt, að eigi er sýnt fram á, að bilun sú í togvindunni, sem um ræðir, verði rakin til neins konar misnotkunar á henni af hendi starfsmanna stefnda Drafnar h/f eða mistaka af hendi manns þess, er stjórnáði henni í umrætt sinn, þá þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndi Þór h/f beri einnig gagnvart honum óskorað fébótaábyrgð á tjóni því, er hann beið, enda verður eigi talið, að umráð meðstefnda Drafnar h/f yfir bifreiðinni byggi út þeirri ábyrgð

Við munnlegan flutning málsins hinn 23. þ. m. lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 166.620.45 og krafðist nú einungis vaxta frá 1. júlí 1956, en hélt fram óbreyttri kröfu sinni í stefnu um málskostnað. Svo vaxna sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

- |   |                |
|---|----------------|
| 1. Bætur fyrir atvinnutjón vegna örorku | kr. 173.177.60 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar og lýti.....   | — 20.000.00    |

---

Samtals kr. 193.177.60

Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi bætur, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, samtals kr. 26.557.15. Kemur þá fram endanleg krafa hans í málinu.

Um 1.

Þegar eftir slysið mun stefnandi hafa verið fluttur í sjúkrahúsið í Hafnarfirði, þar sem hann dvaldist um 6 mánaða skeið. Í vottorði Ólafs Einarssonar, héraðslæknis í Hafnarfirði, dagsettu 2. október 1953, er stuttorð lýsing á meiðslum þeim, er stefnandi hlaut. Segir þar, að við skoðun hafi vinstri upphandleggur hans reynzt þverbrotinn. Andlitið vinstra megin hafi verið mjög þrútið og blóðhlaupið eftir högg. Skurður hafi verið í munn, sem blæddi úr, svo og hafi blætt úr nösum. Þá hafi stefnandi drukkið nokkurn sjó, áður en til hans náðist.

Í vottorði Ólafs Ólafssonar læknis, dagsettu 7. marz 1954, er meiðslum stefnanda lýst og sjúkrasaga hans rakin til þess tíma. Er vottorð þetta svohljóðandi:

- „1. Fract. humeri sin. Brotið var þverbrot neðarlega á legnum með miklum diastase á brotendum.
2. Infract. baseos cranii.
3. Andlitsskrámur á víð og dreif um andlitið, en engir djúpir skurðir.
4. Distorsio articul. humeri sin.

Í dag er status qvo sjúklingsins þessi: Áverkarnir undir lið 2

og 3 hafa jafnað sig. Það skal tekið fram, að sjúklingurinn kvartar oft um höfuðverk, sem ekki mun hafa verið neitt áberandi hjá honum áður, enda oft nokkuð algeng afleiðing áverka, eins og hér um ræðir. (Höfuðhögg o. fl.). Liður 1. Vegna eðlis síns var brotið neglt og síðan settar á handlegginn umbúðir. Brotið hefur gróíð eðlilega, en sjúklingurinn hefur takmarkaða hreyfingargetu í þessum handlegg. Liðamót stirð og sársaukakennt að hreyfa þau, bæði aktivt og passivt. Gildir það bæði axlarolnboga og úlnliðamót . . .“

Hinn 16. ágúst skoðaði Bergþór læknir Smári stefnanda og mat örorku hans af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dagsettu 23. ágúst 1955, segir á þessa leið:

„Skoðun 16. ágúst 1955. Utan á vinstri öxl, að innanverðu, er ca. 11 cm. langt ör, og neðar á upphandleggnum er 7 cm. langt ör. Talsvert mikil sveigja er á upphandleggnum, konvex út á við og fram á við. Í vinstri axlarlið er stirðleiki, sérstaklega við abduction (elevation). Getur eleverað í ca. 70°. Engin vöðvarýrnun mælanleg og kraftur í handlimnum virðist sæmilega góður.

Röntgenmynd, tekin í Landsspítalanum 8. ágúst 1955, sýnir mikla, en þó ekki samfellda beinmyndun (callus) á brotstaðnum og nefnda sveigju á handleggnum. Í axlarlið sést ekkert sérstakt athugasvert né heldur á andlitsbeinum.

Augskoðun, 10. ágúst 1955 (Guðm. Björnsson), sýnir nokkra sjónöxulskekkju, sem stafar af lömum á augnvöðva. Augnlæknirinn telur ekki ólíklegt, að það sé afleiðing af nefndu slysi . . .“

Telur læknirinn hæfilegt að meta varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins 25%.

Í september 1956 var stefnandi aftur skoðaður af Bergþóri Smára. Í vottorði læknisins um þá skoðun, dagsettu 2. október 1956, segir á þessa leið í niðurlagi:

„Niðurstaða: Ástand slasaða virðist vera mjög svipað og það var, er ég skoðaði hann 16. ágúst 1955, að fráteknun því, að augun munu vera í betra ástandi nú en þá. Þykir því ekki verða hjá því komizt að lækka varanlegt örorkumat slasaða frá því, sem þá var álitid hæfilegt, og telst varanleg örorka hans nú hæfilega metin: 20%.“

Að tilhlutun dómarans var Bergþór Smári fenginn til þess að meta örorku stefnanda allt frá slysdegi til þess tíma, er varanlegu örorkunnar einnig fer að gæta. Er það örorkumat, dagsett 8. marz 1957, svohljóðandi:

Frá slyssdegi til 31. marz '54 ....	100%
— 1. apríl '54 til 30. júní '54 ....	60%
— 1. júlí '54 til 31. des. '54 .....	40%
— 1. jan. '55 til 31. júlí '55 ....	30%
— 1. ágúst '55 til 30. júní '56 ....	25%
Úr því varanleg örorka .....	20%

Stefnandi er skipasmiður og mun hafa unnið að þeirri iðn, er hann slasaðist. Hann er talinn fæddur 10. desember 1898 og hefur því verið 54 ára gamall á þessum tíma. Eigi liggja fyrir upplýsingar um það í málinu, hvort hann er kvæntur eða hafi börn á framfæri sínu.

Samkvæmt vottorðum skattstjórans í Hafnarfirði, dagsettum 12. september 1956 og 2. október s. á., voru nettó-tekjur stefnanda næstu árin fyrir og eftir slysið þessar: Árið 1950 kr. 32.550.00; árið 1951 kr. 36.100.00; árið 1952 kr. 38.050.00; árið 1953 kr. 40.550.00 og árið 1954 kr. 40.850.00.

Hinn 27. marz 1957 gerði Árni Björnsson cand. polit. útreikning á atvinnutjóni stefnanda, miðað við framangreinda örorku hans allt frá slyssdegi. Í útreikningum sínum gerir hinn sérfróði maður ráð fyrir 50 vinnuvikum á ári og 4 eftirvinnustundum á viku. Reiknar hann með launum sveina samkvæmt launasamningi Skipasmíðafélags Hafnarfjarðar og skipasmíðastöðva þar, en samkvæmt þeim samningi mun grunnkaup fyrir dagvinnu sveina, miðað við viku, hafa verið kr. 582.00 með 44½ vinnustundum á viku fyrir verkfallið 1955, en eftir það kr. 600.27 með 45 vinnustundum á viku, hvort tveggja með verðlagsuppbótum. Eftirvinna mun vera greidd samkvæmt þessum samningum með 50% álagi. Reiknað á þennan hátt telst hinum sérfróða manni, að atvinnutjón stefnanda frá slyssdegi til 1. júlí 1956 nemi kr. 65.584.45 án vaxta. Sé á hinn bóginn reiknað með 6% árlegum vöxtum af hinum töpuðu atvinnutekjum, nemi þeir frá slyssdegi til sama tíma kr. 6.961.11, eða atvinnutjónið þetta tímabil að viðbættum vöxtum alls kr. 72.445.56. Við útreikning á atvinnutjóni stefnanda vegna varanlegrar 20% örorku frá 1. júlí 1956 reiknar hinn sérfróði maður með 60.547.00 króna árstekjum. Með því móti áætla hann, að heildarverðmæti atvinnutjóns stefnanda fram í tímann nemi kr. 100.732.04, miðað við 1. júlí 1956 og 6% ársvexti. Er þá reiknað með, að stefnanda endist starfskraftar til 70 ára aldurs.

Samkvæmt framansögðu reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti atvinnutjóns stefnandans vegna breytilegrar örorku

frá slyssdegi til 1. júlí 1956 og varanlegrar örorku frá þeim tíma nemi samtals kr. 173.177.60 (kr. 72.445.56 + kr. 100.732.04), en það er sú fjárhæð, sem krafizt er undir þessum lið.

Stefndu hafa báðir mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum. Sérstaklega mótmæla þeir því, að í framangreindum útreikningi er gert ráð fyrir 4 stunda eftirvinnu á viku.

Fallast verður á, að höfð sé hliðsjón af því til lækkunar bótum þessum. Að því athuguðu og með skírskotun til alls þess, sem að framan er rakið, og annars þess, sem máli verður talið skipta við ákvörðun bóta þessara, þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00. Hafa þá verið dregnar frá fyrrgreindar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

## Um 2.

Stefndu hafa báðir mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Með hliðsjón af því, sem þar greinir, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 18.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða málalok þau, að bætur til stefnanda ákveðast kr. 138.000.00 (kr. 120.000.00 + kr. 18.000.00). Frá þeirri fjárhæð ber að draga kr. 3.800.91, sem atvinnurekandi stefnanda hefur þegar greitt honum upp í tjón hans. Mismuninn, kr. 134.199.09, verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda in solidum auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af framlögðum reikningi yfir útlagðan kostnað hans í málinu, ákveðst kr. 12.000.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

## Dómsorð:

Stefndu, Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingarfélagið Þór h/f, greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 134.199.09, auk 6% ársvaxta frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.